



Til:  
Efni:  
Upplýsingar:

byggingarfulltrui@dalir.is  
Fw: Deiliskipulagstillaga, Drangar í Árneshreppi  
Sent: 16.06.2017 12:39:37 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017050017, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2017050017

Við er til meðfylgjandi bréfs frá Árneshrepp, dags. 3 maí sl., þar sem kynnt er deiliskipulagstillaga fyrir Dranga í Árneshreppi. Um er að ræða skipulag fyrir m.a. 14 frístundahús og færslu á tjaldsvæði.

Í 68. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er Náttúrufræðistofnun Íslands umsagnaraðili þegar um er að ræða gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum og á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. sömu laga. Umrætt svæði er ekki á náttúruminjaskrá en næsta svæði til suðurs á náttúruminjaskrá eru Drangaskörð nr. 325 og fyrir norðan er á náttúruminjaskrá Snæfjallahreppur hinn forni nr. 324.

Deiliskipulagið/frístundalóðir virðast vera að mestu á graslendi/mólendi en á myndum sést að reynt hefur verið að framræsa hluta þess og landið því líklega eitthvað blautt, deiglendi.

Hvað náttúrufar snertir vill Náttúrufræðistofnun benda á að farið sé að öllu með gát við uppbyggingu á þessu svæði og að öllu raski sé haldið í lágmarki. Í deiliskipulaginu segir að ekki sé ætlast til að farið sé í trjárækt með framandi tegundum. Náttúrufræðistofnun leggur til að texti varðandi ræktun sé mun ákveðnari og að það sé einfaldlega gert að hvöð á lóðunum að ekki megi planta framandi tegundum á svæðinu s.s. lúpínu og framandi trjátegundum.

Undirlendi er ekki mikið á þessu svæði og því mikilvægt að halda í eins mikið af votlendi, mólendi og graslendi og mögulegt er vegna plöntu- og dýralífs. Inn á svæði liggja ekki akvegir og er Drangar hluti af stærri heild sem áður var í byggð. Nú er svæðið að mestu í eyði og hefur yfirbragð lítt snortins lands en þó með miklum menningarminjum hér og þar, sem ber að hlúa að, eins og á Dröngum.

Þó það sé ekki hlutverk Náttúrufræðistofnunar þá vill stofnunin benda á að með skipulagningu frístundahúsabyggðar á þessu svæði þá geta hugsanlega fylgt því skyldur frá hendi sveitarfélagsins, sbr. að t.d. er vísað í Árneshrepp hvað varðar brunavarnir. Með betri aðstöðu á svæðinu má gera ráð fyrir auknum straumi ferðamanna sem hefur í för með sér vissar skyldur hvað varðar uppbyggingu innviða og öryggismál. Það er ljóst að á þessu svæði þarf að fara að allri uppbyggingu með gát og að erfitt getur reynst að þjónusta svæðið.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Bréf

**Deiliskipulagstillaga, Drangar í Árneshreppi**  
Málsnúmer: 2017050017

Númer skjals:  
Skráð: 15. maí 2017  
Eigandi skjals: Trausti Baldursson

**Auðkenni**

Efnisflokkur skjals:  
Dagsetning skjals:  
Staðsetning skjals:  
Fyrirtæki: Sveitarfélagið Árneshreppur  
Nafn: Kristján Ingi Arnarsson

**Vinnsla**

Staða: Í vinnslu  
Geymslustaður skjals:

Deiliskipulagstillaga, Drangar í Árneshreppi

Viðhengi:



- 20170515095720764.tif